

7  
Ár 1988, fimmtudaginn 25. febrúar, var í málinu nr. 8/1987 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

Úrskurður:

Málavextir eru þessir í stuttu máli:

Þann 12. maí 1987 sendi oddviti Þverárhlíðarhrepps í Mýrasýslu, Skúli Hákonarson, Fasteignamati ríkisins svohljóðandi bréf:

" Þverárhlíðarhreppur fer þess á leit við Fasteignamat ríkisins að breytt verði skráningu á veiðihlunnindum Gilsbakka og Sámstaða, sem tilheyra Kjarrá.

Þar sem hreppurinn fer fram á að sá hlutinn sem liggur norðan miðlínu Kjarrár verði skráður í Þverárhlíðarhreppi. Þar sem við teljum hreppamörkin liggja um miðja á og miðlína árinna ráði í þessum efnum "

Framangreind kára var send forsvarsmönnum Hvítársíðuhrepps með bréfi Fasteignamatsins dags. 20. maí 1987. Jafnframt var þess farið á leit við forsvarsmenn hreppanna, að þeir öfluðu gagna til stuðnings sjónarmiðum sínum, og urðu þeir við því.

Með bréfi Fasteignamats ríkisins, dags. 8/10 1987, var oddvitum hreppanna tilkynntur svohljóðandi úrskurður þess:

" Með því að Fasteignamat ríkisins er ekki bært um að úrskurða í landamerkjadellum er ekki unnt að verða við erindi yðar að svo komnu "

Oddviti Þverárhlíðarhrepps kærði þennan úrskurð Fasteignamats ríkisins til Yfirfasteignamatsnefndar með bréfi dags. 29. október 1987, og rökstuddi hann kröfu umbjóðanda síns rækilega.


Yfirfasteignamatsnefnd hefur rætt framangreinda kæru á nokkrum fundum.


Mál þetta er í eðli sínu landamerkjamáli á milli framangreindra hreppa, Þverárhlíðarhrepps og Hvítársíðuhrepps. Yfirfasteignamatsnefnd er ekki bær til að úrskurða í slíku máli. Hinsvegar fellur það undir verksvið sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu að dæma í landamerkjámálum að undangenginni málshöfðun.

Þer því að vísa máli þessu frá nefndinni.

Úrskurðarorð:

Ofangreindri kæru er vísað frá Yfirfasteignamatsnefnd.

  
Pétur Stefánsson,

  
Árni Stefánsson,

  
Guðmundur Magnússon